

## Stjórnarfundur UMSB 7. apríl 2016

### Í þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Sólrún Halla sambandsstjóri, Sigríður Dóra tómsbundastjóri, Elva Péturs gjaldkeri, Guðrún Þórðar, Þórhildur María, Ásgeir Ásgeirs, Haukur Þórðarson, Kristín Gunnars, Sigurður Guðmunds, Pálmi framkvæmdastjóri.

#### 1. Sambandsstjóri setur fundinn

Sólrún Halla sambandsstjóri setur fundinn

#### 2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fráfarandi stjórn samþykkti fundargerðina samhljóða og ritaði undir.

#### 3. Kynning, umræður og farið yfir verkefni

a) Núverandi og fráfarandi gjaldkerar hittust og fóru yfir málin.

b) Skrifað undir prófkúrur og fleira vegna bankareikninga og skattamála

#### 4. Tími og staðsetning næstu stjórnarfunda

Þriðjudagurinn 19. apríl - í þjónustumiðstöðinni í Borgarnesi

Þriðjudagurinn 17. maí – á Hvanneyri

Þriðjudagurinn 21. júní – Í þjónustumiðstöðinni í Borgarnesi

Þriðjudagurinn 19. júlí – Í þjónustumiðstöðinni í Borgarnesi

Þriðjudagurinn 16. ágúst – í Reykholtsdal

#### 5. Akstursgreiðslur stjórnar

Ákveðið var að halda sömu akstursgreiðslur og fyrra ár sem er 70 kr. per km. umfram fyrstu 10 km.

#### 6. Önnur mál

##### a) *Unglingalandsmótsnefnd*

Sólrún Halla fór yfir fund sem hún sat með unglíngalandsmótsnefnd fyrr um daginn:

i) Fjármögnun mótsins er komin af stað og ætlar sú nefnd að hittast í næstu viku og leggja betur línurnar

ii) UMFÍ fer að lenda verkefnastjóra, verið er að vinna að samningum

iii) Búið er að finna flesta sérgreinastjóra, vantar í ringo, tölvuleiki og strandblak

iv) Tjaldsvæðamál og öryggismál komin vel af stað

v) Það á að reyna að finna afþreyingaratriði úr heimabyggð fyrir kvöldvökurnar

b) Elva spyr hvernig boða skuli varamenn til fundar ef aðalmenn komast ekki. Sólrún Halla nefnir að ca. viku fyrir stjórnarfundum sendir Pálmi út dagskrá og síðustu fundargerð og sá póstur er sendur á aðalmenn og varamenn. Þannig er auðveldlega hægt að hafa samband við varamann sinn.